


BRÝNIÐ



2. árg. 3. tbl. Fréttablað félags áhugamanna um tréskurð sept. 1997

AFSLÆTTIR

Húsasmiðjan 10%
Skútuvogi

Efnagerð Laugarness 15%
Smiðjuvegi 28C græn gata
Sími: 567-0150

Efnasalan 10%
Smiðjuvegi 9 gul gata
Sími: 554-5400

Ásborg 10%
Smiðjuvegi 11 gul gata
Sími: 564-1212

Ingbór Haraldsson hf. 10%
Hamraborg 7 að norðan
Sími: 554-4844

Sögin hf. 10%
Höfðatúni 2
Sími: 552-1884

Smíðabær 10%
Skæringur M. Baldusson
Sími: 567-6588

Verzlunin Brynja 10%
Laugavegi 28
Sími: 552-4320

Hurðaiðjan 5%
Kársnesbraut 98

BYKO 12%

Hjá BYKO er félagið skráð sem viðskiptaaðili og þarf að gefa upp kennitölu þess áður en reikningurinn er gerður til að fá þennan afslátt.

Tréskurðarsýning í Suðurhlíð

Tréskurðarsýning félagsmanna í FÁT í mai/júní sl. Í húsi Skógræktar Ríkisins tókst með ágætum og voru sýnendur 22

Á fimmta hundrað manns komu til að skoða hina ýmsu muni sem þar voru til sýnis og vöktu margir þeirra verðskuldaða athygli. Þeir báru eigendum sínum vitni um gott handbragð og tækni. Það var álit manna að sýningin hafi á margan hátt verið með þeim betri til þessa og sannað það enn og aftur að myndskurðarmenn hafa yfir að ráða góðum hæfileikum. Það hvetur aðra til að gera góða hlut og taka þátt í fjórðu sýningu FÁT á næsta ári.

Brýnið hvetur alla myndskurðarmenn og konur til að fara að undirbúa vetrarstarfið, auka andann og brýna kutann eins og um hefur verið kveðið.

Sá er galdur allur á,
andinn vandi hlutinn,
fái vald og einurð á,
auga hönd og kutinn.

Friðgeir Guðmundsson.

Nöfn þeirra sem sýndu verk sín:

Bjarni Egilsson
Bjarni Þ. Kristjánsson
Friðgeir Guðmundsson
Gunnar Jónatansson
Gunnar K. Jónsson
Gunnar Kr. Gunnarsson
Halldór Vilhelmsson
Helga Magnúsdóttir
Helgi Jónsson
Íva Bjarnadóttir
Ketill Guðfinnsson
Kristinn Sveinsson
Magnús K. Jónsson
Sigga á Grund
Stefán Erlingsson
Sveinbjörn Kristjánsson
Sveinn Guðbjartsson
Sveinn Kristinnsson
Vagna S. Vagnsdóttir.
Þórarinn Sigurgeirsson
Örn Sigurðsson

Aðalfundur /
Ian Norbury.

Myndasýning

Aðalfundur
félagsins verður
haldinn á
Hótel Scandia
(Loftleiðum)
þriðjudaginn
16 sept.
kl. 20.00

Fundurinn hefst með myndasýningu Ians Norbury, hann mun sýna um 80 myndir af verkum sínum.

Ian Norbury þarf vart að kynna fyrir fálagsmönnum, hér er á ferð einn fremsti skurðarmeistari heims og má segja að við ráðumst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur með því að fá hann til okkar.

Þetta er einstakt tækifæri og ætti enginn, að láta það fram hjá sér fara.

Mætum öll.

Styrktaraðilar okkar eru :

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

SAMSKIP

FRÁ FERÐANEFND

Það var ekki mjög fjölmennur hópur en áhugasamur sem mætti fyrir framan útskorna hurð fjármálaráðuneytis 24. maí sl. til að taka þátt í gönguferð F.Á.T. um miðborgina. Eftir að hafa virt fyrir sér hurðina var haldið í verslun Íslensks heimilisíðnaðar í Hafnarstræti og útskorin húsgögn og teikningar eftir Ríkharð Jónsson skoðuð. Þaðan var haldið af stað til að skoða útskurð í Landakotskirkju, en í leiðinni gengið fram hjá útskoru merki Björnsbakarís á hurð v/ Ingólfstorg. Prestur á staðnum fræddi okkur um sögu og útskurð þann sem er í kirkjunni m.a. biskupsstól útskorinn af Ríkharði Jónssyni, kross yfir altari, Reykhóla-Maríu, tréstyttu frá Reykhólum. Þá var Alþingishúsið og útskurður þar skoðaður undir leiðsögn Sólveigar K. Jónsdóttur og var gerður góður rómur að leiðsögn hennar. Útskorin tafla í inngangi Dómkirkjunnar eftir R.J. var skoðuð í leiðinni. Í Baðstofu Iðnaðarmanna v/Lækjargötu. Þar tók á móti okkur Guðmundur Kristjánsson og fræddi okkur um sögu Baðstofunnar, endurbyggingu hennar eftir bruna og útskurð Ríkharðs Jónssonar og sáum við m.a. þennan þekktu útskorna lampa eftir Ríkharðs sem ekki varð eldinum að bráð. Þess má geta, að einn þátttakenda í göngunni og jafnframt félagsmaður okkur tók einmitt þátt í endurgerð Baðstofunnar. Ekki reyndist unnt að skoða vinnustofu Ríkharðs Jónssonar við Grundarstíg, þar sem hún hafði nýlega vera flutt til Djúfavogs. Í lok ferðar var farið í Kökuhúsið, þar sem drukkið var kaffi og meðlæti og félagsmenn ræddu viðburði dagsins.

Frá ferðanefnd. V.S.

KÆRU FÉLAGAR

Enn eru of margir sem hafa gleymt að fara með gíróseðilinn í banka og greiða árgjaldið.
Þeim er hér með send áskorun um að láta nú verða af því að gera skil.
Evert Kr. Evertsson

Námskeið í myndskurði.

Með breyttum tímum hefur aukist áhugi fólks á ýmsum tómstundum og hefur tréskurðarlistin átt hug margra, og áhugi á seinni árum aukist til míkilla muna.

Félaginu hefur borist fjölda fyrirspurna varðandi námskeið í tréskurði og skal hér bent á nokkra félagsmenn sem stand fyrir námskeiðum og tilsögn.

Bjarni Þór	s: 5686122	fuglar og stittur.
Fríðgeir Guðmundsson	s: 5572075	lágmyndir.
Jón Adolf	s: 5512517	hefur sérhæft sig í kennslu í listskurði í þrívídd.
Örn Sigurðsson	s: 5512517	kennir hjá Tómtundaskólanum.

Kennsla hófst sl. vetur í Iðnskólanum í Reykjavík, þar sem kennsla fer fram í fjórum kennslugreinum, efnisfræði, fríhendisteikningu, verklegu grunnnámi í trésmíði og verklegri kennslu í myndskurði. Þessi kennsla verður áfram í vetur.
Kennari er Sveinn Ólafsson myndskeri.

BRÝNIÐ

Brýnið fréttablað áhugamanna um
Tréskurð
Pósthólf 409
202 Kópavogur

Ábyrgðamaður
Ritstjórn:

Evert Evertson
Stefán Haukur Erlingsson
Jón Adolf Steinólfsson
Fríðgeir Guðmundsson



Innritað til
póstflutnings

Sigurjón Gunnarsson
Asparfelli 12,

111 REYKJAVÍK-11

2. árg. 3. tbl.

BRÝNIÐ

Fréttablað félags áhugamanna
um tréskurð
Pósthólf 409
202 Kópavogur